



250. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 7. nóvember 2016, kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níelsadóttir og Ásta Stefánsdóttir. Ágúst Sigurðsson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, og Alda Alfreðsdóttir, starfsmaður SASS, undir lið 2 og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, sem sat fundinn undir lið 5.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega bauð hann Önnu Björgu og Ágúst velkomin til fyrsta fundar.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Samþykkt var að Anna Björg verði varaformaður og Ásta Stefánsdóttir ritari.

2. Vinna SASS fyrir SOS.

Rætt var við Bjarna og Öldu um áframhald á vinnu SASS fyrri SOS. Fyrir fundinum liggja drög að samningi milli SASS og SOS Stjórnin samþykkir samningsdrögin fyrir sitt leyti.

3. SORPA

Formaður sagði frá fundi fulltrúa SOS með fulltrúum Sorpu í október sl. Stjórn óskar eftir endurnýjun á samningi við Sorpu um móttöku sorps. Formanni er falið að ganga frá samningi.

4. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturhorninu.

Fundur er framundan í nefndinni og munu formaður og Ágúst Sigurðsson sækja fundinn fyrir hönd SOS.

5. Greining á úrgangsmálum á starfssvæði SOS.

Formaður ræddi um þá vinnu sem framundan er. Stefán Gíslason kynnti stöðu mála í verkfninu og næstu skref. Áfangaskýrsla mun liggja fyrir í janúar.

6. Önnur mál.

Stefnt er að stjórnarfundum þriðjudaginn 13. desember kl. 14.

Fundi slitið kl. 16:00.